

32. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 3. október 2012 og hófst kl. 20:00. Mætt: Kári, Sigurjón, Guðjón, Gry, Óskar Ingi og Auðunn. Hulda boðaði forföll. Grétar Hrafnsson sat fundinn.

Fulltrúar úr Kraftlyftingafélagi Seltjarnarness komu á fundinn til að ganga frá lausum endum vegna Seltjarnarnessmótsins í bekkpressu nk. laugardag.

Þetta gerðist:

### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

### 2. Landsliðsmál og viðmið

Kári lagði fram útreikninga á nýjum viðmiðum fyrir landsliðsnefnd. Ákveðið var að gera nokkrar breytingar og birta töfluna með skýrum upplýsingum um að hér er um hjálpartæki fyrir landsliðsnefnd að ræða, en ekki lágmark sem eru skilyrði fyrir eða aðgangur að landsliðshópnum.

**Aðgerð:** Kári gerir umræddar breytingar. Gry birtir töfluna á kraft.is

### 3. Formannafundur og endurskoðun afreksstefnu

Ákveðið að hafa formannafund föstudaginn 23. nóvember kl. 18.00.

**Aðgerð:** Gry auglýsir í tölvupósti og á kraft.is og lætur taka frá sal hjá ÍSÍ.

### 4. Mótaskrá 2013

Aðkallandi er að ljúka frágangi mótaskrár og birta.

Ákveðið að Íslandsmótið í bekk fari fram í tengslum við Reykjavíkurlaikana í janúar. Ármann verður mótshaldari.

**Aðgerð:** Kári klárar ramma fyrir mótaskrá. **Birgir, Kári og Guðjón** vinna áfram í málinu.

### 5. Fræðslumál

Gry upplýsti að þjálfaranámskeið 1 er í fullum gangi og klárast fyrir áramót. Ákveðið hefur verið að bjóða upp á sams konar námskeið á næsta ári.

Dómaranámskeið hefur ekki verið haldið á árinu. Hægt er að hafa bóklega prófið 20. október

**Aðgerð:** Gry, Auðunn og Helgi finna út úr þessu

### 6. Græjumál

Ákveðið var að bjóða aðildarfélögum ólympíska lyftingarsettið til sölu.

Ákveðið var að uppfæra keppnisvigtina fyrir bikarmótið.

**Aðgerð:** Gry auglýsir ólympíska settið til sölu í tölvupósti til formanna og á kraft.is. Frestur til að bjóða í settið verður til 15. október. **Guðjón/Auðunn** sjá um vigtina þegar Seltjarnarnessmótið er búið.

### 7. Önnur mál

- Lögleg keppnisráskýrsla hefur enn ekki borist eftir Akureyrarmótið í sumar. Líta verður svo á að um innanfélagsmót hafi verið að ræða. Úrslit verða varðveitt hjá félaginu en tekin úr gagnabanka KRAFT.

**Aðgerð:** Gry klárar málið

- Stjórnin ítrekar að kraftlyftingamótið í tengslum við Expó 2012 fari fram samkvæmt mótareglum KRAFT.

**Aðgerð:** Gry talar við Mosfellinga áður en skráning hefst.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 22.15. Fundarritari: Gry Ek